

637. fundur haldinn mánudaginn 8. apríl 2002 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mættir:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipisdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þ. Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga.
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Áður en gengið var til dagskrár bauð nýr formaður Ferðamálaráðs, Einar Kristinn Guðfinnsson fundarmenn velkomna, en fyrrverandi formaður ráðsins Tómas Ingi Olrich var í mars skipaður menntamálaráðherra og óskaði í kjölfar þess lausnar fra formennsku í Ferðamálaráði.

1. Fundargerð 636. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Styrkir til umhverfisverkefna 2002.

Lögð var fram tillaga unnin af umhverfisfulltrúa ráðsins. Alls höfðu borist 62 umsóknir og sótt var um tæpar 66 milljónir. Til ráðstöfunar voru 5,5 milljónir.

Afgreiðsla: Tillaga umhverfisfulltrúa samþykkt óbreytt.

3. Málefni Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík.

Á fundinn mætti Halldór Hróarr Sigurðsson endurskoðandi og gerði grein fyrir minnisblaði sem hann hafði unnið að beiðni stjórnar Upplýsingamiðstöðvarinnar varðandi næstu skref í samningaviðræðum við Reykjavíkurborg.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda áfram viðræðum milli Reykjavíkurborgar og Ferðamálaráðs á grundvelli minnisblaðs Halldórs. Þá var samþykkt að standa að óbreyttum rekstri til loka maí. Loks var samþykkt að óska eftir álit borgarlögmanns á því að ekki verði um neinar skuldbindingar að ræða fyrir Ferðamálaráð hvað varðar hugsanlegar kröfur starfsmanna.

4. Skipting fjár til upplýsingamiðlunar á landsbyggðinni.

Lögð var fram tillaga unnin af verkefnastjóra. Þar er gert ráð fyrir óbreyttri skiptingu umræddra fjárveitingar fyrir árið 2002 miðað við 2001.

Afgreiðsla: Tillagan var samþykkt óbreytt.

5. Erindi Alþingis.

Alþingi hefur beðið um umsögn um þingsályktun um eflingu ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands; mál 199. Lögð var fram tillaga ferðamálastjóra að umsögn, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að aðgerðir til eflingar ferðaþjónustu séu sem víðtækastar og nýtist heildinni.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt óbreytt.

6. Bréf Þórðar Sigurjónssonar.

Borist hefur bréf frá Þórði Sigurjónssyni þar sem hann vekur athygli Ferðamálaráðs á því sem hann kallar takmörkun á ferðafrelsi sem ferðamenn búsettir erlendis séu beittir þegar þeir koma með eigin bifreiðar til landsins. Hann hefur sent eftirlitsstofnun EFTA erindi vegna málsins.

Afgreiðsla: Samþykkt að spyrjast fyrir um málið hjá fjármálaráðuneyti og spyrja um ástæður þess mismunar, sem Þórður telur að um sé að ræða.

7. Bréf Steinþórs Jónssonar.

Borist hefur bréf frá Steinþóri Jónssyni þar sem spurt er um skoðun Ferðamálaráðs á afgreiðslu- og lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli.

Afgreiðsla: Eftir nokkrar umræður var samþykkt að í svari til Steinþórs kæmi fram að Ferðamálaráð myndi leita eftir viðræðum við samgönguráðuneyti og utanríkisráðuneyti hvað varðaði spurningar hans.

8. Tilnefning í stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands.

Aðalfundur Ráðstefnuskrifstofu Íslands verður haldinn 23. apríl. Ferðamálaráð skal tilnefna einn fulltrúa í stjórn fyrir næsta starfsár.

Afgreiðsla: Samþykkt að tilnefna Tómas Þór Tómasson markaðsstjóra í stjórnina.

9. Fjölmíðlabikar Ferðamálaráðs.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita Klúbba matreiðslumeistara bikarinn að þessu sinni.

10. Lagt fram til kynningar.

Að þessu sinni var lagt fram, til kynningar fyrir ráðsmenn annars vegar geisladiskur með niðurstöðum úr könnun meðal erlendra ferðamanna á síðasta ári og hins vegar skýrsla með niðurstöðum um þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli.

11. Önnur mál.

a) Ísólfur Gylfi Pálmason lagði til að fundinn yrði tími til eins lengri fundar í ráðinu þar sem tími gæfist til að fjalla nánar um ýmis málefni greinarinnar.

b) Pétur Rafnsson minnti á að hefja þyrfti fljótlega undirbúning að næstu Ferðamálaráðstefnu.

c) Hrönn Greipadóttir spurðist fyrir um notkun viðbótarfjárveitingar til markaðsmála. Ferðamálastjóri dreifði minnisblaði með þeim upplýsingum.

d) Rætt var um nauðsyn þess að gera fundarplan fyrir fundi ráðsins.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 30 apríl kl 10:00

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:20